

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2005/21/EB

frá 7. mars 2005

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 72/306/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aðgerðir gegn mengandi efnum í útblæstri dísilhreyfla til notkunar í ökutækjum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

1. gr.

Með hliðsjón af tilskipun ráðsins 72/306/EBE frá 2. ágúst 1972 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aðgerðir gegn mengandi efnum í útblæstri dísilhreyfla til notkunar í ökutækjum <sup>(1)</sup>, einkum 4. gr.,

Viðaukunum við tilskipun 72/306/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

2. gr.

1) Tilskipun 72/306/EBE er ein sértilskipananna sem falla undir gerðarviðurkenningaraðferðina sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra <sup>(2)</sup>.

Frá og með 9. mars 2006 skulu aðildarríkin:

— ekki lengur veita EB-gerðarviðurkenningu skv. 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/156/EBE og

— geta neitað að veita innlenda gerðarviðurkenningu

2) Af því leiðir að ákvæðin, sem mælt er fyrir um í tilskipun 70/156/EBE og varða kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar í ökutækjum, gilda um tilskipun 72/306/EBE.

fyrir nýja gerð ökutækis af ástæðum sem varða útblástur mengunarefna frá dísilhreyflum sé hún ekki í samræmi við ákvæði tilskipunar 72/306/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

3) Í 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 70/156/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 92/53/EBE <sup>(3)</sup>, er kveðið á um að sértilskipanirnar skuli vera jafngildar samsvarandi reglugerðum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu (UN-ECE). Þess vegna er nauðsynlegt að aðlaga tæknifröfur er varða ljósgjafa reykþéttimælis, sem notaður er við mælingu á reykþéttni útblásturs, að 24. reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu og að alþjóðlegum stöðlum. Einnig er rétt að aðlaga eldsneytið, sem notað er við mælingu á reykþéttni útblásturs, að því eldsneyti sem leyfilegt er að nota við mælingu á útblæstri eins og tilgreint er í tilskipun ráðsins 88/77/EBE <sup>(4)</sup>.

Með þessari tilskipun eru hvorki áður veittar viðurkenningar, samkvæmt tilskipun 72/306/EBE, felldar úr gildi né komið í veg fyrir rýmkun slíkra viðurkenninga samkvæmt skilmálum þeirrar tilskipunar sem þær voru upphaflega veittar samkvæmt.

3. gr.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um aðlögun að tækniframförum sem komið var á fót með tilskipun 70/156/EBE.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 8. mars 2006. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Þau skulu beita þessari tilskipun frá og með 9. mars 2006.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 190, 20.8.1972, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/20/EB (Stjtið. EB L 125, 16.5.1997, bls. 21).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/104/EB (Stjtið. EB L 337, 13.11.2004, bls. 13).

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 225, 10.8.1992, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 36, 9.2.1988, bls. 33. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/27/EB (Stjtið. EB L 107, 18.4.2001, bls. 10).

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. mars 2005.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Markos KYPRIANOU

*framkvæmdastjóri.*

## VIÐAUKI

Í stað skrár yfir viðauka á milli greina og I. viðauka komi eftirfarandi:

## „SKRÁ YFIR VIÐAUKA

I. viðauki: Skilgreiningar, umsókn um EB-gerðarviðurkenningu, veiting EB-gerðarviðurkenningar, tákn fyrir leiðréttan gleypnistuðul, forskriftir og prófanir, breytingar á gerðinni, samræmi í framleiðslu.

1. viðbætur: Upplýsingaskjal

2. viðbætur: Gerðarviðurkenningavottorð

II. viðauki: Dæmi um tákn fyrir leiðréttan gleypnistuðul

III. viðauki: Prófun á jöfnum hraða á aflferli við fullt álag

IV. viðauki: Prófun við hröðun

V. viðauki: Viðmiðunarmörk sem eiga við um prófun á jöfnum hraða

VI. viðauki: Eiginleikar reykþéttimæla

VII. viðauki: Uppsetning og notkun reykþéttimælis“

## BREYTINGAR Á I. VIÐAUKA VIÐ TILSKIPUN 72/306/EBE

1. Í lið 5.2.2.1 komi „V. viðauki“ í stað „VI. viðauki“.

Í lið 5.3.2 komi „V. viðauki“ í stað „VI. viðauki“.

Í lið 5.4 komi „VI. viðauki“ í stað „VII. viðauki“.

Í lið 7.2.1.2 komi „V. viðauki“ í stað „VI. viðauki“.

## BREYTINGAR Á III. VIÐAUKA VIÐ TILSKIPUN 72/306/EBE

2. Í stað liðar 3.2. komi eftirfarandi:

„3.2. Eldsneyti

Viðmiðunareldsneytið sem er tilgreint í IV. viðauka tilskipunar 88/77/EBE, eins og henni var síðast breytt, og sem hentar með tilliti til viðmiðunarmarkanna fyrir losun sem gilda við gerðarviðurkenningu ökutækisins eða hreyfilsins“,

í lið 3.4 komi „VI. viðauki“ í stað „VII. viðauki“ og „VII. viðauki“ í stað VIII. viðauki“,

í lið 4.2 komi „V. viðauki“ í stað „VI. viðauki“.

3. V. viðauki falli brott.

4. VI. viðauki verði V. viðauki

5. VII. viðauki verði VI. viðauki.

Í stað liðar 3.3. komi eftirfarandi:

„3.3. Ljósgrjafi

Ljósgrjafinn skal vera glóðarpera með lithitastig á bilinu 2 800 til 3 250 K eða díóða sem gefur frá sér grænt ljós (LED) með litrófstoppgildi milli 550 og 570 nm. Ljósgrjafinn skal vera varinn gegn sóti með aðferðum sem ekki hafa áhrif á ljósfræðilengdina umfram það sem forskriftir framleiðanda segja til um.“

6. VIII. viðauki verði VII. viðauki.

Í liðum 2.16, 2.17 og 2.2.3 komi „VI. viðauki“ í stað „VII. viðauki“.